

FUNDARGERÐ

131. stjórnarfundur KRAFT

131. stjórnarfundur KRAFT var haldinn á Zoom 30.ágúst 2021 kl. 20.00

Fundarmenn : Gry, Rúnar, Hinrik, Þórunn Brynja, Lára, Auðunn og Laufey

Fjarverandi : Aron Ingi

Fundarritari : Laufey

1. FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Samþykkt.

2. TRÚNAÐARUPPLÝSINGAR

Gry og Hinrik heyra í ÍSÍ og öðrum sérsamböndum um verklagsreglum varðandi trúnaðarupplýsingar.

3. VERKEFNI Á VEGUM KRAFT

Stjórnin hefur ákveðið að þegar lögreglurannsókn er í gangi þar sem sakborningur er félagi í KRAFT skal hann ekki koma að verkefnum á vegum KRAFT.

4. UPPLÝSINGAGJÖF

Setja inn á heimasíðu og aðra miðla KRAFT upplýsingar um hvar félagsmenn geta leitað sér að upplýsinga og ráðgjafar ef þeir hafa orðið fyrir eða orðið vitni að einelti, kynferðislegri áreitni og/ eða ofbeldi í sínu íþróttastarfi. Gry, Lára og Laufey koma þessu á heimasíðu, instagram og fésbókarsíðu KRAFT.

5. FERLAR

Stjórn samþykkti að koma á ferlum þegar sambandinu berst kvörtun eða ábending vegna hegðunar félagsmanns. Gry og Hinrik hafa samband við ÍSÍ.

6. FORMANNAFUNDUR

Ákveðið að bota til formannafundar 19. nóvember kl.17-19. Fyrir fundinn mun stjórnin hafa reglugerðir og önnur mál til umræðu. Lára sendir fundarboð.

7. VINNUFUNDUR STJÓRNAR

Ákveðið að hafa vinnufund stjórnar þ.s. verður farið yfir reglugerðir fyrir formannafund og fleiri mál. Fundur verður í september. Rúnar sendir tillögur að dagsetningum.

8. MÓTASKRÁ 2022

Gry heyrir í mótanefnd en hún er farin að vinna í henni.

9. HM og IPF

Stutt í HM klassík og ársþing IPF. Gry mun sitja þingið fyrir hönd KRAFT. Engar tillögur hafa komið fram og þ.a.l. engar kosningar fyrir þingið. IPF hefur sent þakkarbréf til þeirra þjóða sem hafa uppfyllt reglur um WADA.

10. LANDSLIÐSMÁL

Umræða varð um styrki til unglunga sem taka þátt á NM unglunga í Finnlandi. Aron Ingi gjaldkeri kemur með tillögu. Gert er ráð fyrir að halda sameiginlega landsliðsæfingu fljótlega (Auðunn).

11. MÓTAHALD

Umræða varð um ýmis mál tengd mótamálum (dómarar, streymi, tölvumál og tékklisti). Lára, Rúnar og Laufey eru að gera tékklista fyrir mótshaldara sem þau munu hafa tilbúinn fyrir vinnufund stjórnar.

12. BIKARMÓT

Enn vantar mótshaldara fyrir Bikarmótið í nóvember.

13. DÓMARAPRÓF

Dómarapróf og æfingamót verður haldið 26. september hjá LFK í Sporthúsinu. Þegar eru komnar skráningar. Dómaramál verða rædd á vinnufundi stjórnar.

14. LANDSLIÐSBÚNINGAR

Er í vinnslu hjá Láru, sumt sem er til er merkt og annað ekki.

15. STARFSMANNASAMTÖL

Gry mun eiga starfsmannasamtöl á næstunni.

16. REGLUR UM KEPPNISALDUR

Skv. alþjóðareglum (IPF) þá miðar IPF við afmælisdag en um leið mega aðildarþjóðir setja sínar eigin reglur varðandi lágmarksaldur til keppni. Rætt um að láta fjórtánda aldursárið gilda en ekki afmælisdaginn. Skal ræða á vinnufundi stjórnar.

17. ÍPRÓTTAVIKA EVRÓPU

Gry sendir upplýsingar á stjórn.

16. NÆSTI STJÓRNARFUNDUR

Gry sendir fundarboð um næsta stjórnarfund.

17. FUNDARLOK

Fundi slitið kl.21.40.